

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2017

2019/EES/40/15

frá 7. júlí 2017

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1826 frá 14. október 2016 um að samþykkja ekki virka efnið trísýklasól í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (1).
- 2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 frá 17. nóvember 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar framlengingu á samþykkistímabilum fyrir virku efnin asetamípríð, bensósýru, flasasúlfúrón, mekópróp-P, mepaníprím, mesósúlfúrón, própíneb, própoxýkarbasón, própýsamíð, própíkónasól, *Pseudomonas chlororaphis* stofn: MA 342, pýraklóstróbín, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram, síram og soxamíð MA 342, pýraklóstróbín, kínoxýfen, þíaklópríð, þíram, síram og soxamíð (2).
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2035 frá 21. nóvember 2016 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011 að því er varðar samþykkistímabil fyrir virku efnin fípróníl og maneb (3).
- 4) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XV. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirliðum er bætt við lið 13a (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011):
„– **32016 R 2016:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2016 frá 17. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 21),
– **32016 R 2035:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2035 frá 21. nóvember 2016 (Stjtið. ESB L 314, 22.11.2016, bls. 7).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 13zzzzzzr (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2016/1978):
„13zzzzzzs. **32016 R 1826:** Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1826 frá 14. október 2016 um að samþykkja ekki virka efnið trísýklasól í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1107/2009 um setningu plöntuverndarvara á markað (Stjtið. ESB L 279, 15.10.2016, bls. 88).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarreglugerða (ESB) nr. 2016/1826, (ESB) 2016/2016 og (ESB) 2016/2035, sem verður birtur í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins, telst fullgiltur.

(1) Stjtið. ESB L 279, 15.10.2016, bls. 88.

(2) Stjtið. ESB L 312, 18.11.2016, bls. 21.

(3) Stjtið. ESB L 314, 22.11.2016, bls. 7.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 8. júlí 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar skv. 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 7. júlí 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Sabine Monauri

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.